

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við Hátíð  
brautskráðra doktora. Haldið í Hátíðasal Aðalbyggingar Háskóla Íslands  
sunnudaginn 1. Desember 2019 kl. 13**

Forseti Íslands, aðstoðarrektarorar, forsetar fræðasviða, nýdoktorar, góðir gestir.

Það er mér mikil ánægja að bjóða ykkur fyrir hönd Háskóla Íslands velkomin til þessarar hátíðar brautskráðra doktora. Ég vil þakka Kvennakór Háskóla Íslands sem undir stjórn Larissu Noreen **Weidler** söng hér svo fallega *Þó þú langförull legðir* eftir Stephan G. Stephansson við lag Sigvalda Kaldalóns.

Það er táknrænt að efna til hátíðar brautskráðra doktora við Háskóla Íslands 1. desember ár hvert. Þegar Íslendingar fengu fullveldi 1. desember 1918 hafði Háskóli Íslands starfað í 7 ár, en skólinn var stofnaður eins og kunnugt er 17. júní 1911 á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar, á degi sem síðar varð þjóðhátíðardagur Íslendinga. Háskóli Íslands og stúdentar hans hafa ætíð haldið í heiðri þessa tvo mikilvægustu daga íslenskrar sjálfstæðisbaráttu. Stúdentar minntust fullveldisdagsins að vanda nú í hádeginu með því að leggja blómsveig að leiði Jóns Sigurðssonar í Hólavallagarði og guðfræðinemar héldu messu fyrr í dag í kapellunni hér í Aðalbyggingu.

**Við minnumst þess nú** í ár að 100 ár eru liðin frá því að fyrsta doktorsvörnin fór fram við Háskóla Íslands. Það var Páll Eggert Ólason, síðar prófessor og háskólarektor, sem varði doktorsritgerð sína 25. október 1919. Fyrstu áratuginu **brautskráðust** eingöngu karlar með doktorspróf frá Háskólanum en fyrst kvenna til þess að verja doktorsritgerð við skólann var Selma Jónsdóttir listfræðingur **árið 1960**. Alls hafa nær 800 manns lokið doktorsprófi frá Háskóla Íslands frá upphafi, langflestir á síðasta áratug. **Nefna má** að árið 2001 voru

fjórir nýir doktorar brautskráðir en síðustu ár hafa þeir verið á bilinu 60-70 árlega. Árið 2019 verður einstakt því nú er ljóst að metfjöldi brautskráist með doktorsgráðu frá Háskóla Íslands í ár, eða 91.

Árangur Háskóla Íslands á sviði rannsókna og nýsköpunar hefur aukist gríðarlega á síðustu árum. Til marks um það má nefna að skólinn hefur í 9 ár samfelldt verið á meðal bestu háskóla heims samkvæmt matslista Times Higher Education World University Rankings og einnig raðast einstök fræðasvið skólans mjög hátt. Þá komst Háskóli Íslands nú í þriðja sinn inn á Shanghai University Rankings listann og þar voru 10 rannsóknasvið skólans mæld meðal þeirra fremstu í heimi. Þennan árangur ber ekki síst að þakka áherslu Háskóla Íslands á rannsóknir og rannsóknatengt framhaldsnám og skiptir framlag doktorsnema þar miklu máli.

Fjöldi doktorsnema við Háskóla Íslands stykir stöðu hans sem alþjóðlega viðurkennds rannsóknaháskóla og um leið gerir þetta skólanum kleift að sinna hlutverki sínu sem æðsta menntastofnun þjóðarinnar. Öflugur rannsóknaháskóli er frumskilyrði þess að Ísland sé samkeppnisfært í vísindum, nýsköpun og atvinnuþróun innan þekkingarsamfélags þjóðanna og ein helsta forsenda **hagvaxtar** og velsældar.

Góðir gestir. Við erum hér saman komin til að fagna þeim doktorum sem hafa brautskráðst frá Háskóla Íslands á tímabilinu frá 1. desember 2018 til 1. desember 2019. Þetta eru alls 95 doktorar, 24 karlar og 71 kona. Doktorsnám er í eðli sínu alþjóðlegt og eru sameiginlegar doktorsgráður með erlendum háskólum 9 talsins. Þá er ríflega þriðjungur nýdoktora frá Háskóla Íslands á undangengnu ári með erlent ríkisfang. Háskólinn er stoltur af þessum glæsilega hópi sem mun **vafalítið hasla sér völl á** fjölbreyttum vettvangi. Við óskum

ykkur öllum innilega til hamingju með doktorsgráðuna og óskum ykkur allra heilla í lífi og starfi.

Góðir gestir, nú tekur Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor, aðstoðarrektor vísinda og forstöðumaður Miðstöðvar framhaldsnáms við og stýrir athöfninni.

--- LOKAORÐ---

Góðir gestir. Ég þakka forseta Íslands kærlega fyrir að vera með okkur hér í dag og fyrir hlý orð hans hvatningu í garð Háskóla Íslands. Slík hvatning skiptir okkur miklu máli. Þá þakka ég kvennakórnum fyrir að syngja *Carol of the Bells*, lag eftir Mykola Leontovych við texta Peters J Wilhousky, og *María fer um fjallaveg*, lag eftir Johann Eccard við texta Sigurbjörns Einarssonar.

Að lokum vil ég óska nýdoktorum hjartanlega til hamingju með glæsilegan árangur og óska þeim velfarnaðar í öllu því sem framundan er. Um leið og ég slít þessari athöfn bið ég nýdoktora vinsamlega um að halda kyrru fyrir í salnum fyrir myndatöku\*, en aðrir gestir eru boðnir velkomnir að þiggja léttar veitingar í anddyri Aðalbyggingar hér á hæðinni fyrir neðan.

[\*Segja þetta með myndatökuna einnig á ensku]

Takk fyrir.